

## Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

,  
ritari nefndasviðs Alþingis  
nefndasvid@althingi.is  
Austursstræti 8-10  
101 Reykjavík



Reykjavík, 23. janúar 2014  
Tilvísun: UST20140100046/rb

### Umsögn tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs, 169. mál

Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis (Umhverfis- og samgöngunefndar), dags. 6. janúar 2014 Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar sbr. þingskjali 203 – 169. mál vegna stofnunar Hofsjökulsþjóðgarðs. Þess er óskað að umsögn berist eigi síðar en 23. janúar.

Í tillögu til þingsályktunar kemur fram vilji til stofnunar Hofsjökulsþjóðgarðs sem hafi innan sinna marka Hofsjökul og aðliggjandi svæði og að við afmörkun þjóðgarðsins verði höfð hliðsjón af mati á verndargildi náttúrufars og menningarminja sem liggur til grundvallar þingsályktun nr. 13/141.

Í greinargerð með tillöggunni kemur fram vilji til að hafa Hofsjökul og aðliggjandi landsvæði sem sum hver eru þegar friðlýst eða á náttúruminjaskrá, s.s. Þjórsárver, Kerlingarfjöll, Guðlaugstungur, Orravatnsrústir og önnur svæði eftir því sem samkomulag næst um, innan þjóðgarðsins.

Umhverfisstofnun telur hugmynd um stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs áhugaverða og þess virði að skoða nánar en bendir á að eðlilegur vettvangur fyrir slíkt væri náttúruverndaráætlun eða sambærileg áætlun sem hefur það hlutverk að marka stefnu í náttúruvernd og friðlýsingarmálum á Íslandi.

Þá bendir Umhverfisstofnun á að með stofnun þjóðgarðs á svæðinu breytist áhersla friðlýsingar þeirra svæða sem nú þegar eru friðlýst þannig að meiri áhersla er lögð á félagslega náttúruvernd heldur en nú er gert. Sem dæmi má nefna að Þjórsárver eru nú flokkuð í flokki 1b í flokkunarkerfi IUCN sem er svæði sem stjórnað er einkum til verndar óbyggðum. Yrði svæðið friðlýst sem þjóðgarður færst áherslan til þess að vera einkum til verndar vistkerfum og til útivistart. Með þessum breytingum myndi álag á svæðinu að öllum líkindum aukast og alls óvist hvort að svæði eins og Þjórsárver myndu þola það aukna álag.

Í því sambandi vill Umhverfisstofnun benda á að stofnun þjóðgarðs kallar á uppbyggingu innviða á svæðinu og því þarf að tryggja fjármagn til uppbyggingar og reksturs svæðisins sem felur einnig í sér stýringu t.d. ferðamanna, enda eitt af markmiðum með stofnun þjóðgarðs að

stuðla að útivist og náttúruupplifun. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að ef stofnaður verður þjóðgarður sem felur í sér sameiningu annarra friðlýstra svæða, að þau svæði innan þjóðgarðsins sem falla í aðra verndarflokka verði skýrt afmörkuð og verndun þeirra skilgreind.

Virðingarfyllst



René Biasone  
Teymisstjóri



Hildur Vésteinsdóttir  
Teymisstjóri

